

Heiti áfanga: ITAL1CC05

Undanfari: ITAL1BB05

Stutt lýsing:

Áfram er unnið að aukinni færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun, þar sem lögð er mikil áhersla á menningu landsins. Orðaforðinn er aukinn, fleiri tíðir innleiddar og framtíð kennd. Nemendur lesa fjölda texta um menningartengd málefni, horfa á myndefni tengt þeim auk þess að lesa léttlestrarbók.

Nemendur læra...

- orðaforða sem tengist landslagi, náttúru og ferðalögum.
- um menningu, siði og hátíðir landsins.
- að skilja frásagnir um efni sem þau kannast við þar sem talað er skýrt og greinilega.
- að skilja söguþráð í einföldum eða einfölduðum bókmenntatexta.
- að ræða við aðra um liðna atburði og framtíðaráform.
- að halda stutta kynningu á fyrirfram undirbúnu efni.
- að skilja bæði í ræðu og riti, sem og skrifa texta, samtöl og frásagnir er varða efni áfangans.

Námsmat: Ýmiss konar verkefni og próf á önninni gilda 60% af lokaeinkunn á móti 40% lokaprófi.